

Þriðjudaginn 26. september 1989.

Nr. 368/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Rósu Dröfn Sigurðardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun á dómþingi 20. september 1989. Gögn málsins bárust réttinum 21. september, en athugasemdir ríkissaksóknara og greinargerð varnaraðila 25. september. Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega stytur. Jafnframt er gerð krafa um kærumálskostnað.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er að eigin sögn atvinnulaus og heimilislaus. Fyrir sakadómi 26. ágúst sl. kvaðst hún hafa notað eiturlyf frá því í mars á þessu ári og síðast hafa stundað vinnu í febrúar. Eiturlyfjaneyslu sína kvaðst hún fjármagna með því að stunda afbrot. Hún er nú grunuð um verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en brot gegn 211. gr. varða fangelsi fimm ár hið skemmsta.

Samkvæmt þessu og með vísan til 3., 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að framlengd verði með úrskurði gæsluvarðhaldsvist kærðu, Rósu Drafnar Sigurðardóttur, er rennur út kl. 16.00 í dag, en hún er grunuð um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Kærða hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt laugardags 26. ágúst sl. um kl. 2.07 var lögregla kvödd að veitingastaðnum Gullinu við Austurvöll, en þar hafði Sigurður Þór Friðþjófsson, kt. 25.03.62-2059, verið stunginn með hnífi í vinstri síðu. Var gerð á honum skurðaðgerð sömu nótt og fjarlægð úr honum miltað og innvortis blæðingar stöðvaðar. Er Sigurður nú á batavegi.

Fljótlega féll grunur á kærðu, en hún hafði undir höndum hníf þann, sem notaður var við verkið.

Kærða hefur borið við minnisleysi af völdum áfengisneyslu og lyfjaáts. Framburður vitna bendir til þess, að kærða hafi hér verið að verki.

Kærðu var tekið blóð til rannsóknar á alkóhólmagni annars vegar og hins vegar á því, hvort kærða hefði neytt amfetamíns, mogadons eða diazepams. Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar reyndist magn etanóls í blóðsýni kærðu vera 1.99 ‰, en ekki fundust diazepam eða önnur benzódiazepín-sambönd né amfetamín í blóðinu.

Þar sem kærða er undir rökstuddum grun um alvarlegt afbrot, er getur varðað hana þungri fangelsisrefsingu, þykir rétt með hliðsjón af framan-sögðu og með vísan til 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina, og skal kærða sæta gæsluvarðhaldi áfram, þó eigi lengur en til miðvikudags 22. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, kt. 24.08.67-5409, skal sæta framlengdu gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.